Reykjavíkurborg

# Umsókn um dagdeild aldraðra í Þorraseli

## Almennar upplýsingar

| |
|---|
| Nafn umsækjanda: |
| Kennitala: |
| Lögheimili: |
| Heimasími/farsími: |
| Netfang: |

## Hjúskaparstaða

| | |
|---|---|
| □ Gift/ur | □ Í sambúð |
| □ Fráskilin/n | □ Ekkja/ekkill |
| □ Einhleyp/ur | |

## Tengiliðir

| | |
|---|---|
| Nafn: | Tengsl: |
| Símanúmer: | Netfang: |
| Nafn: | Tengsl: |
| Símanúmer: | Netfang: |
| Nafn: | Tengsl: |
| Símanúmer: | Netfang: |

## Áhugamál

| |
|---|
| |
| |
| |
| |
| |

## Þjónusta sem umsækjandi nýtur nú

| | |
|---|---|
| □ Félagsleg heimaþjónusta | □ Heimahjúkrun |
| □ Heimsendur matur | □ Akstursþjónusta |
| □ Aðstoð ættingja | □ Annað? |

## Önnur þjónusta sem sótt hefur verið um

| |
|---|
| |
| |
| |

## Athafnir daglegs lífs

| | | | |
|---|---|---|---|
| Salerni: | ☐ Sjálfbjarga | ☐ Þarf aðstoð | |
| Böðun: | ☐ Sjálfbjarga | ☐ Fær aðstoð heima | ☐ Þarf aðstoð í Þorraseli |

## Heilsufar

| | |
|---|---|
| Sjúkdómar: | |
| | |
| | |
| | |
| Lyf: | |
| | |
| | |
| ☐ Þarf ekki aðstoð vegna lyfja | ☐ Fær aðstoð vegna lyfja heima |
| ☐ Þarf aðstoð vegna lyfja í Þorraseli | |
| Ofnæmi: | ☐ Er ekki með þekkt ofnæmi |
| ☐ Er með ofnæmi fyrir: | |

## Hreyfigeta

| | |
|---|---|
| ☐ Gengur óstudd/ur | ☐ Gengur við staf/hækju |
| ☐ Gengur við göngugrind | ☐ Notast við hjólastól |
| ☐ Fallhætta | |

## Vitræn geta

| | | |
|---|---|---|
| ☐ Engin/lítil vitræn skerðing | ☐ Nokkur/mikil vitræn skerðing | |
| ☐Hefur tekið MMSE próf | Dags. | Niðurstaða /30 |

Reykjavíkurborg

**Ósk um viðveru**

| | | |
|---|---|---|
| □ Mánudaga | □ Þriðjudaga | □ Miðvikudaga |
| □ Fimmtudaga | □ Föstudaga | |

**Annað sem umsækjandi vill taka fram**

| |
|---|
| |
| |
| |
| |
| |

**Með umsókn skal fylgja**

| |
|---|
| □ Upplýsingar frá lækni, hjúkrunarfræðingi og/eða ráðgjafa |
| □ Umsókn um sjúkraþjálfun, óski umsækjandi eftir að komast í þjálfun |

Ég votta með undirskrift minni að allar upplýsingar í sambandi við umsókn þessa eru réttar og að starfsfólki þjónustumiðstöðvarinnar er heimilt að afla sér þeirra upplýsinga frá Heimaþjónustu og Heimahjúkrun Reykjavíkurborgar sem nauðsynlegar eru við mat á umsókninni. Einnig er heimilt að skrá þessar upplýsingar rafrænt.

______________________________________________

Undirskrift umsækjanda

__________________________

Dagsetning

**Með allar umsóknir er farið sem trúnaðarmál.**

Hægt er að fá nánari upplýsingar á dagdeildinni á milli kl. 8:00-16:00 alla virka daga í

síma 535-2740, hjá símaveri Reykjavíkurborgar í síma 411-1111 og á þjónustumiðstöðvum.

**Umsóknir skal senda ásamt fylgigögnum í Þorrasel, Vesturgötu 7, 101 Reykjavík.**

**Persónuverndarfræðsla**

Til þess að geta unnið úr umsókn þinni og lagt mat á rétt þinn til dagdvalar í Þorraseli er velferðarsviði Reykjavíkurborgar nauðsynlegt að vinna með nánar tilgreindar persónuupplýsingar þínar. Unnið er með upplýsingar sem þú lætur af hendi í umsóknarferli. Í samræmi við lagaskyldu varðveitir borgin þessar upplýsingar ótímabundið. Upplýsingarnar gætu verið notaðar til vinnslu tölfræðirannsókna.

**Hver er tilgangur vinnslu og grundvöllur hennar?**
Reykjavíkurborg er nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar þínar til að leggja mat á umsókn um dagdvöl í Þorraseli. Vinnslan byggir á lagaskyldu, þ.e. lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 og þess opinbera valds sem borgin fer með. Veitir þú Reykjavíkurborg ekki umbeðnar upplýsingar getur það leitt til þess að ekki verði hægt að afgreiða umsókn þína.
Hvaða upplýsingar er unnið með?

Réttur til dvalar í Þorraseli byggir á stöðu umsækjenda í margvíslegum skilningi. Unnið er með eftirfarandi upplýsingar um umsækjendur:

*Almennar persónuupplýsingar:* Nafn, lögheimili/aðsetur, kyn, fjölskyldugerð, kennitala, símanúmer, netfang, ríkisfang, atvinnustaða, menntun, húsnæðisstaða, sjálfsmat og aðrar upplýsingar sem umsækjandi vill koma á framfæri í umsóknarferli.

*Viðkvæmar persónuupplýsingar:* Læknisvottorð.

**Hvaðan koma upplýsingarnar?**
Umsækjandi veitir framangreindar upplýsingar auk þess sem Reykjavíkurborg sækir grunnupplýsingar um umsækjanda til Þjóðskrár. Þá kann velferðarsvið Reykjavíkurborgar að afla nauðsynlegra upplýsinga úr gagnagrunni velferðarsviðs Reykjavíkurborgar til þess að geta lagt mat á og afgreitt umsókn þína.

**Hversu lengi eru persónuupplýsingarnar geymdar?**
Persónuupplýsingar þínar eru geymdar ótímabundið á grundvelli lagaskyldu er hvílir á Reykjavíkurborg. Að tilgreindum tíma liðnum er Reykjavíkurborg skylt að afhenda Þjóðskjalasafni Íslands öll gögn sem unnið er með til varðveislu.

**Hvernig tryggjum við öryggi persónuupplýsinganna?**
Reykjavíkurborg gætir öryggis persónuupplýsinga með viðeigandi skipulagslegum og tæknilegum ráðstöfunum, þ. á m. aðgangsstýringum og dulkóðun. Allt það starfsfólk sem kemur að vinnslu persónuupplýsinga umsækjanda er bundið þagnarskyldu.

**Miðlun persónuupplýsinganna til þriðju aðila**
Að tilgreindum tíma liðnum er Reykjavíkurborg skylt að afhenda Þjóðskjalasafni Íslands öll gögn sem unnið er með í tengslum við umsóknir um dagdvöl til varðveislu. Reykjavíkurborg mun að öðru leyti ekki miðla persónuupplýsingum þínum til annarra aðila nema borginni sé slíkt skylt á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða dómsúrskurðar. Þá mun borgin ekki miðla persónuupplýsingum þínum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema á grundvelli sérstakrar heimildar þar um og án þess að upplýsa þig um slíkt.

**Réttindi þín**
Þú kannt að eiga rétt til þess að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem Reykjavíkurborg vinnur með í tengslum við umsókn þína. Þá kannt þú að hafa rétt til að andmæla vinnslunni, fá upplýsingarnar leiðréttar, krefjast þess að þeim verði eytt, að vinnslan verði takmörkuð og/eða að þú eða þriðji aðili fái upplýsingar afhentar á tölvulesanlegu formi. Nánari upplýsingar um þessi réttindi þín má finna í persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem aðgengileg er á vefsíðu Reykjavíkurborgar. Kvörtun yfir vinnslu Sérstök athygli er vakin á því að sért þú ósátt/ur við meðferð Reykjavíkurborgar á persónuupplýsingum þínum getur þú ávallt

haft samband við persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar (persónuverndarfulltrui@reykjavik.is) eða sent erindi til Persónuverndar (www.personuvernd.is).